

Viðfangsefni 2019

Þróun samfélags-, atvinnu-, umhverfis- og byggðapáttar og lýðfræðilegra þátta og áhrif á fjárhagsstöðu ríkisins

Þróun samfélagsins, hvað varðar atvinnu-, umhverfis, byggða- og lýðfræðipætti, getur haft veruleg áhrif á tekju- og útgjaldaþróun ríkisins til næstu áratuga. Opinberir aðilar hafa að takmörkuðu leyti reynt að greina með skipulegum hætti líklega þróun til lengri tíma en slík greining er nauðsynleg til að skapa betri forsendur til að marka stefnu í mikilvægum málum. Einnig er slík greining nauðsynleg til að treysta betur samhengi ákvarðana til skemmri tíma við markmiðssetningu og horfur til lengri tíma. Hver verða t.a.m. áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á lykilatvinnuvegi og tækifæri til uppbyggingar? Hvaða menntun/hæfileikar/þekking er nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi velsæld samfélagsins í breyttu umhverfi og hvernig mun aukin fólksfjöldun hafa á áhrif á útgjöld og tekjur hins opinbera á hinum ýmsu sviðum eins og t.d. velferðarkerfið?

Það er mikilvægt að skoða ólíkar sviðsmyndir og meta líkleg áhrif þessara þátta á þjóðarbúskapinn til lengri tíma. Með hvaða hætti munu tekju- og útgjaldaáherslur hins opinbera þróast í þessu samhengi, þ.m.t. hver áhrif verða á afkomu, fjárhagsstöðu og skuldbindingar opinberra aðila. Með þessu verklagi er lagður grunnur að því að styrkja forsendur fyrir heildstæðri stefnumörkun í opinberum fjármálum til lengri tíma.

Spurningar:

- 1) Hvaða þróun er að eiga sér stað í samfélaginu og hver verða áhrif þess á fjárhagsstöðu ríkisins árið 2035-2040 ?
- 2) Hvaða annars konar sviðsmyndir eru líklegar árið 2035-2040?
 - Annars konar framtíðir geta byggst á því að kanna mögulegar öfgar ýmissa óvissuþátta (s.s. ágreining um hvert eigi að stefna eða áhrif framtíðarbreytinga).
 - Að kanna hugsanlegar truflanir sem gætu grafið undan núverandi forsendum og dregið verulega úr sameiginlegum væntingum um framtíðina.
 - Greina hugsanlegar breytingar sem ekki eru enn á sjóndeildarhring viðkomandi aðila.
 - Skoða breytingar sem eru að gerast utan tiltekins viðfangsefnis eða málaflokks, þar sem þær geta verið uppspretta mestu röskunarinnar.
 - Mikilvægt er að annars konar framtíðir líti til langtímabreytinga sem kunna að verða á umgengni við náttúruna, lýðfræðilegum breytingum og þeim umskiptum sem eru í vændum með síaukinni sjálfvirkni.
- 3) Hvaða nýju áskorunum eða tækifærum stendur Ísland frammi fyrir út frá mismunandi sviðsmyndum?
- 4) Hvaða nýju stefnur og áætlanir þarf að setja svo að stuðla megi að framþróun Íslands og velmegun út frá mismunandi sviðsmyndum?

Loftslagsbreytingar: þróun lausna og bætt nýting auðlinda

Ekki verður hægt að snúa aftur af þeirri þróun sem nú á sér stað með auknum útblæstri gróðurhúsalofttegunda, jafnvel þótt mikil árangur náist með alþjóðlegum sáttmálum um að draga úr notkun koltvísýrings í framtíðinni. Þar sem afleiðingar loftslagsbreytinga verða sífellt augljósari - og náttúruhamfarir eins og hungursneyð og vatnsskortur af völdum loftslagsbreytinga algengari er ljóst að ríki munu þurfa að leggja aukna áherslu á þróun, nýsköpun og hönnun verkfræðilegra lausna til að geta brugðist við og dregið úr væntanlegum áhrifum hlýnunar jarðar.

Ríki eru þegar farin á átta sig á því að það getur falið í sér gríðarlegan efnahagslegan ávinning að skara fram úr og leysa vandamálið á undan öðrum. Viðbrögð ríkja eru mismunandi. Kína er t.d. að byggja upp eina stærstu rannsóknarmiðstöð (geo-engineering) í heiminum á þessu sviði til að skoða m.a. áhrif á landbúnað, hafið og jökla og ýmis önnur ríki eru m.a. að styðja verkefni á sviði sólarannsóknna.

Ef loftslagsmál eru eitt af stærstu alþjóðlegu áskorunum heimsins og afleiðinga loftslagsbreytinga má vænta á Íslandi, hvernig getur íslenskt hugvit tekið forystu við þróun framtíðarlausna við þessum vanda og hvernig geta íslensk stjórnvöld komið að því?

Spurningar:

- 1) Hvaða þróun er að eiga sér stað í þróun lausna/aðgerða við loftslagsmálum og hvers konar lausnir má sjá fyrir sér að verði árið 2035-2040?
- 2) Hvaða aðrar lausnir við annars konar við sviðsmyndum eru líklegar árið 2035-2040?
 - Annars konar framtíðar geta byggst á því að kanna mögulegar öfgar ýmissa óvissuþátta (s.s. ágreiningur um hvert eigi að stefna eða áhrif framtíðarbreytinga).
 - Að kanna hugsanlegar truflanir sem gætu grafið undan núverandi forsendum og dregið verulega úr sameiginlegum væntingum um framtíðina.
 - Greina hugsanlegar breytingar sem ekki eru enn á sjóndeildarhring viðkomandi aðila.
 - Skoða breytingar sem eru að gerast utan tiltekins viðfangsefnis eða málaflokks, þar sem þær geta verið uppspretta mestu röskunarinnar.
 - Mikilvægt er að annars konar framtíðir líti til langtímabreytinga sem kunna að verða á umgengni við náttúruna, lýðfræðilegum breytingum og þeim umskiptum sem eru í vændum með síaukinni sjálfvirkni.
- 3) Hvaða nýju áskoranir eða tækifæri stendur Ísland frammi fyrir út frá mismunandi sviðsmyndum?
- 4) Hvaða nýju stefnur og áætlanir þarf að setja svo að íslensk stjórnvöld geti stuðlað að nýsköpun á sviði lausna og aðgerða við lofslagsvandannum?

Jöfnuður og félagslegur hreyfanleiki

Ójöfnuður mun að öllum líkindum dragast saman milli landa, með nokkrum undantekningum, en aukast innan landa. Nýlegar rannsóknir gefa til kynna að ójöfnuður innan ríkja sé að aukast, jafnvel í ríkjum þar sem jöfnuður hefur jafnan verið mikill. Þetta er þróun sem er búin að eiga sér stað síðastliðin 30 ár og er líkleg til að halda áfram. Í OECD ríkjunum er ójöfnuður minna áberandi. Engu að síður má greina fjölgun í hópi fátækra og aukið ójafnrétti sem endurspeglast m.a. í takmarkaðra aðgengi að atvinnu, lánsfé, húsnæði og jafnvel menntun og heilbrigðisþjónustu. Einkenni ójafnaðar sem greina má í Evrópu endurspeglast m.a. í útskúfun fátækra, stærra svörtu hagkerfi og að þeir ríku verða efnaðri.

Hvernig geta ríki unnið gegn ójöfnuði í þeirra samfélögum? Má greina mun á milli kynslóða eða jafnvel þeirra sem hafa menntað sig og þeirra sem ekki eru langskólagengnir? Aðrir þættir sem geta ýtt undir frekari ójöfnuð er blanda af þeirri tækniframförum sem nú á sér stað með fjórðu iðnbyltingunni. Möguleiki á auknu atvinnuleysi með tilkomu nýrrar tækni er líkleg. Hvernig mun sá þrýstingur sem verður á opinber kerfi, eins og heilbrigðiskerfi og lífeyriskerfi með fjölgun eldri borgara hafa áhrif á fjárútlát ríkisins? Er þessi þróun líkleg til að ýta undir frekari ójöfnuð? Hvernig getur ríkið beitt þeim stjórnækjum sem það hefur til að draga úr ójöfnuði? Mun þróun alþjóðaviðskipta á síðastliðnum árum auka eða draga úr ójöfnuði? Ljóst er að ríki þurfa að greina betur áhrif ójöfnuðar á efnahagslega og pólitíska þætti samfélagsins þar sem ójöfnuður hefur ekki aðeins áhrif á þá sem þjást heldur einnig á frammistöðu efnahagskerfisins og pólitískan stöðugleika í samfélaginu.

Spurningar:

- 1) Hvernig mun samfélagið þróast með tilliti til jafnaðar / ójafnaðar og hvers konar breytingar má sjá fyrir sér að verði árið 2035-2040?
- 2) Hvaða annars konar sviðsmyndir eru líklegar árið 2035-2040?
 - Annars konar framtíðar geta byggst á því að kanna mögulegar öfgar ýmissa óvissuþátta (s.s. ágreiningur um hvert eigi að stefna eða áhrif framtíðarbreytinga).
 - Að kanna hugsanlegar truflanir sem gætu grafið undan núverandi forsendum og dregið verulega úr sameiginlegum væntingum um framtíðina.
 - Greina hugsanlegar breytingar sem ekki eru enn á sjóndeildarhring viðkomandi aðila.
 - Skoða breytingar sem eru að gerast utan tiltekins viðfangsefnis eða málaflokks, þar sem þær geta verið uppspretta mestu röskunarinnar.
 - Mikilvægt er að annars konar framtíðir líti til langtímabreytinga sem kunna að verða á umgengni við náttúruna, lýðfræðilegum breytingum og þeim umskiptum sem eru í vændum með síaukinni sjálfvirkni.
3. Hvaða nýju áskoranir eða tækifæri stendur Ísland frammi fyrir út frá mismunandi sviðsmyndum?
4. Hvaða nýju stefnur og áætlanir þar að setja svo að stuðla megi að framþróun Íslands og velmegun út frá mismunandi sviðsmyndum?